

Tónlistarval 8.-10. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

10, 8, 9

Lýsing

Nemendur fá tækifæri til að kynna heim tónlistarinnar á sem fjölbreyttasta hátt.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Lögð er áhersla á skapandi og fjölbreytta kennsluhætti: sýnikennslu; jafningjafraeðslu; myndbönd; efni frá netinu. Unnið er með söng, hljóðfæri, virka hlustun, tónlistarforrit og í gegnum leik.

Námsaðlögun

Nemendur fá jöfn tækifæri til að vinna með tónlist og tónlistarsköpun.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Notast er við leiðsagnarmat og símat jafnt yfir allan veturinn.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Tjáning og miðlun

- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika.

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd.
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

VS Tónlistarval fyrir 8.- 10. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Læri um hinar ýmis konar tónlistarstefnur og aðalatriði þeirra.

VS Tónlistarval fyrir 8.- 10. bekk - Tónmennt

- Læri að búa til QR kóða.
- Staðið með eigin tónsköpun eða tónlistarvali og rökstutt val sitt.
- Kynnist hinum ýmsu tónlistarstefnum og hvenær þær komu á sjónarsviðið.
- Greint og útskýrt ólík tónlistarstílbriðgi, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi.
- Geta rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði.